

AFRÍKA

SUNNAN SAHARA Í BRENNIDEPLI

Ritstjórar:

Jónína Einarsdóttir og Þórdís Sigurðardóttir



HÁSKÓLAÚTGÁFAN OG AFRÍKA 20:20

2007

Samfélagsgerð, fjölskylduform og framleiðsla

Guðrún Haraldsdóttir

Lífshættir og samfélagsgerðir í Afríku, næststærstu álfu heims, eru með svo margvíslegu og síbreytilegu móti að engin leið er að gera þeim fullnægjandi skil í stuttum yfirlitskafla. Hér verður því aðeins gefin innsýn í helstu framleiðsluhætti álfunnar og tilteknum samfélagsgerðum lýst í stórum dráttum. Til einföldunar er notuð hefðbundin flokkun afrískra samfélaga í land-

búnaðarsamfélög, þéttbýli, hirðingjasamfélög og samfélög safnara og veiðifólks og dæmi tekin um slík samfélög frá ýmsum svæðum álfunnar.

Brýnt er hins vegar að hafa í huga að slík flokkun er tilbúin flokkun, notuð til að gera betri greinarmun á ólíkum framleiðsluháttum. Einkenni afrískra samfélaga er að íbúar þeirra byggja afkomu sína á samsetningu mismunandi framleiðsluhátta og samfélagsgerðir Afríku skarast einnig á ýmsan hátt.

Landbúnaður

Landbúnaður og jarðrækt er langalgengasta framleiðslugrein Afríku og flestir íbúar álfunnar byggja afkomu sína að miklu leyti á ræktun kornafurða og rótarpantna. Aðferðir við landbúnaðarframleiðslu í álfunni eru margvíslegar og hafa þróast á grunni mismunandi vistkerfa, sögu, stjórnarfars og menningar. Um langan aldur notuðu afrískir bændur þá aðferð við jarðrækt að hreinsa og undirbúa ræktunarland með sinueldum. Landið var notað fáein ræktunarskeið og síðan hvílt í tiltekinn tíma svo að það gæti endurheimt frjósemi sína. Þessi aðferð er notuð að einhverju leyti ennþá en hefur þó víða verið aflögð, m.a. vegna aukinnar



Bændur í hlíðum Elgonfjalls í Kenú safna maískólfum heim í hlöðu.
Ljós.: Jón Geir Pétursson

einkavæðingar á landi, breyttrar tækni og aukins þéttbýlis. Fjölmargar tegundir af korni og rótarplöntum eru ræktaðar í Afríku en algengastar eru dúrra og hirsí, sem eru upprunnar í álfunni, og einnig maís, kassava, hrísgrjón og jam.

Aðrar algengar ræktunarafurðir eru bananar og ýmiss konar baunir og hnetur. Afrískir smábændur rækta margar tegundir afurða á hverju ári til að tryggja betur afkomu sína og raðbundin ræktun er algeng þar sem mismunandi plöntur eru ræktaðar hver á eftir annarri á sama landinu en með því er frjósemi landsins betur tryggð. Þar til á síðustu öld var hlújárn meginframleiðslutækið í afrískum landbúnaði og er það víða enn á meðal smábænda en plógurinn og vélknúin landbúnaðartæki eru nú einnig algeng.

Í Afríku hafa bæði útflutningur og staðbundin viðskipti með landbúnaðarafurðir verið hluti af lífsafkomu bænda öldum saman. Á nýlendutímanum varð aukning í viðskiptatengdri landbúnaðarframleiðslu og útflutningur landbúnaðarafurða og verðmæts hráefnis álfunnar til Evrópu jókst gríðarlega á stuttum tíma. Í flestum nýlendum Afríku lögðu nýlendustjórnir áherslu á að nýta fjármagn, vinnuafli og land til framleiðslu landbúnaðarvara til útflutnings en minni áhersla var lögð á að þróa fæðuframleiðslu.

Mörg lönd sérhæfðu sig í framleiðslu örfárra „nýlenduvara“, svo sem kaffis, sykurs, kakós eða tóbaks, sem í flestum tilfellum er enn aðalútflutningsvara þessara landa. Mikið hefur verið deilt um afleiðingar þessarar þróunar. Sumir telja

hana hafa skapað tækifæri fyrir afríska bændur til þátttöku í heimsmarkaðinum en aðrir telja að þessi þróun hafi gert álfuna of háða heimsmarkaðinum og valdi vestrænna þjóða sem hagnast hafi af auðlindum álfunnar á meðan fátækt hafi aukist jafnt og þétt. Í raun eru þessi tvö sjónarmið samræmanleg því að víða í Afríku myndaðist lítil stétt vel stæðra bænda sem af ýmsum ástæðum gat nýtt sér þau tækifæri sem sköpuðust á og eftir nýlendutímam. Meirihluti bænda hefur hins vegar ekki átt þess kost.

Eignarhald á landi tók einnig miklum breytingum á nýlendutímam. Víða í álfunni, einkum í austur- og suðurhluta hennar, tóku nýlendustjórnir gott ræktunarland eignarnámi og úthlutuðu því evrópsku landnámsfólki. Afrískir íbúar svæðanna urðu þá gjarnan annaðhvort leiguliðar á búgörðum evrópska landnámsfólksins, fóru að stunda búskap á mun ófrjórri svæðum eða fluttu til þéttbýlissvæða sem víða voru ört vaxandi á þeim tíma. Nýlendustjórnirnar sáu evrópsku bændunum auk þess fyrir ódýru vinnuafli með því að gera afrískum bændum erfitt fyrir að selja landbúnaðarafurðir sínar, takmarka möguleika þeirra til að flytja framleiðsluna á markað og leggja skatta á afrískan almenning og þrýsta þannig á fólk að leita sér launavinnu.

Landtaka evrópskra bænda í Afríku á 19. og 20. öld og ósanngirnir nýlendu- stjórnanna gagnvart þorra afrískra bænda hafði gríðarlegar félagslegar og efnahagslegar breytingar í för með sér. Neikvæðar afleiðingar þeirra eru nú m.a. að koma í ljós í löndum eins og Zimbabve, Namibíu og Suður-Afríku þar sem átök um land tengjast að hluta til gríðarlega ójöfnu hlutskipti þegna þeirra af evrópskum uppruna annars vegar og afrískum uppruna hins vegar.

Átök um land í Afríku eru þó ekki aðeins á milli fólks af evrópskum og afrískum uppruna. Hugmyndir um nýtingu og umráðarétt yfir landi í álfunni eru að breytast og það hefur leitt til átaka milli ýmissa hópa fólks en oft ýtir skortur á landi og skortur á atvinnumöguleikum utan landbúnaðargeirans undir slík átök. Víðast hvar, ef ekki alls staðar í álfunni, hafa hugmyndir um eignarhald á landi verið mjög ólíkar þeim vestrænu. Ýmiss konar félagslegir þættir, eins og sífatengsl, kyn og pólitísk staða, gefa fólki tiltekinn búsetu- og nytjarétt yfir landi en ekki formlegt eignarhald. Oft er litið svo á að fólk sé að varðveita og annast landið fyrir hönd formæðra og forfeðra sinna, svo og fyrir komandi kynslóðir, og gjarnan eru trúarlegar hugmyndir tengdar þeirri varðveislu. Þetta þýðir auðvitað ekki að allir hafi jafnan aðgang að landi en grundvallarreglan er að allir fái nægilega stórt land til að sjá fyrir sér og sínum. Þessar hugmyndir um varðveislu og nýtingu lands virðast hins vegar vera á

II. LIFNAÐARHÆTTIR OG LÍFSAFKOMA

hröðu undanhaldi á meðan lagalegt eignarhald einstaklinga, eins og það þekktist á Vesturlöndum, er að festa sig betur í sessi. Þessi þróun tekur á sig afar mismunandi og flóknar myndir sem ekki er rúm til að útskýra hér. Spilling og veikt stjórnarfar hefur þó mjög víða valdið því að fámennir, auðugir hópar fólks með pólitísk sambönd ná eignarhaldi á landi á kostnað fátækra smábænda og jaðarhópa eins og hirðingja. Ósjaldan hafa átök um land og aðrar auðlindir Afríku leitt til blóðugra átaka og jafnvel borgarastríðs, eins og nýleg dæmi eru um í löndum eins og Rúanda, Zimbabwe og Súdan, og í minna mæli í löndum eins og Suður-Afríku og Nígíeríu.



Gert að netum í malavísku fiskiþorpi.
Ljós.: Gunnar Salvarsson

Sifjatengsl og land í Malaví

Að hafa aðgang að og nytjarétt á landi skiptir lykilmáli fyrir afkomu flestra íbúa Malavís. Frá nýlendutímanum til dagsins í dag hefur bæði gjaldeyrir og fæða fyrir íbúa landsins fengist að langmestu leyti af nýtingu lands. Í Malaví hefur réttur einstaklinga til að byggja og nýta land að miklu leyti byggt á ættar-

tengslum og á þeim sifjakerfum sem þar ríkja. Eins og víða annars staðar í Afríku hefur það þó verið að breytast síðustu áratugina.

Shire-hálöndin í suðurhluta Malavís eru á meðal frjósömustu svæða landsins og sveitir þeirra þær þéttbýlustu en þær liggja á milli tveggja helstu borga landsins. Þar, eins og annars staðar í Malaví, byggir almenningur lífsafkomu sína fyrst og fremst á nýtingu lands. Fólk ræktar maís, auk ýmissa tegunda grænmetis, til neyslu og sölu en tóbak er helsta söluafurðin. Í Shire-hálöndunum hefur fólk búið um langan aldur og byggir það samfélagsskipan sína á ættrakningu í kvenlegg. Börnin tilheyra því formlega ætt móður sinnar, erfðaréttur á landi er í kvenlegg og hjón búa gjarnan með fjölskyldu eiginkonunnar. Þetta samfélagsform er mun sjaldgæfara í Afríku en föðuréttarsamfélög og það hefur mætt miklu andstreymi í Malaví síðustu öldina, m.a. frá kristnum og íslömskum trúboðum sem upphefja kjarnafjölskylduna og stöðu karla sem höfuð hennar. Með landbúnaðarstefnu bresku nýlendustjórnarinnar í Malaví og einnig ríkisstjórna landsins, eftir að landið fékk sjálfstæði, hefur líka á ýmsan hátt verið unnið gegn hefðum móðurættarsamfélagsins. Þrátt fyrir þetta hafa megineinkenni samfélagsanna í Shire-hálöndunum haldið velli.

Innan hvernar ættar erfist nytjaréttur á landi frá einni kynslóð til annarrar og það gerist yfirleitt þannig að ungar stúlkur erfa landsvæði þegar þær gifta sig eða eignast sitt fyrsta barn. Umráðasvæði þeirra stækkar svo smátt og smátt þegar eldri konur ættarinnar falla frá. Dætur ættarinnar vinna og nýta hver sitt land með hjálp eiginmanns síns og barna en mikið samneyti er þó á milli systra og mæðgna innan hvernar stórfjölskyldu og konur eiga vísa hjálp frá móðurætt sinni ef eitthvað kemur upp á, t.d. fráfall eiginmanns eða skilnaður. Þótt konur erfi yfirleitt nytjarétt á landi gegna synir ættarinnar einnig þörfu hlutverki og halda yfirleitt nánu sambandi við systur sínar og mæður. Hlutverk sonanna er gjarnan að vera talsmenn ættarinnar út á við, taka þátt í úthlutun lands og leysa deilur innan ættarinnar. Þótt börn í móðurættarsamfélögum Shire-hálandanna tilheyri formlega ætt móður sinnar skipta tengsl við föður og föðurfjölskyldu einnig miklu máli.

Á nýlendutímanum voru Shire-hálöndin höfuðvígi evrópskra landnema og nýlendustjórnin úthlutaði þeim stórum hluta besta ræktunarlandsins undir sveitasetur sín og búgarða. Í dag eru margar þessara jarða enn í einkaeign afkomenda evrópsku landnemanna en hluti þeirra er nú einnig í eigu alþjóðlegra fyrirtækja og lítils hóps malavískra stórbænda og viðskiptajöfra. Þessi þróun, ásamt öðrum þáttum eins og fólksfjölgun, hefur valdið miklum breytingum á högum



Götumynd frá Windhoek í Namíbú.
Ljós m.: Gunnar Salvarsson

móðurættarsamfélaganna og landið, sem ættirnar hafa til umráða, hefur minnk- að jafnt og þétt. Nú flytur stór hluti hvefrrar nýrrar kynslóðar, sem ekki fær úthlutað landi, til fjarlæggra og dreifbýlli sveita í von um að fá land þar, eða á nálæg þéttbýlissvæði þar sem fá atvinnutækifæri eru í boði.

Deilum um land innan ættarsamfélaganna virðist vera að fjölga og tilkoma nýlegra laga, sem stuðla að aukinni einkaeign á landi í Malaví, bæta ekki úr skák. Á síðustu árum hefur komið upp alvarlegur ágreiningur milli ættarsamfélaganna og landeigenda á svæðinu, þó að deilur hafi ekki leitt til eins alvarlegra átaka og annars staðar í álfunni. Ljóst er að hugmyndir um umráðarétt yfir landi eru að breytast í Malaví. Skiptar skoðanir eru á því hvert þessi þróun leiðir en margt virðist þó benda til þess að landréttindi muni í minna mæli ráðast af sífjakerfum í framtíðinni.

Þéttbýli og borgarlíf

Veruleg þéttbýlismyndun byrjaði síðar í Afríku en víðast hvar annars staðar í heiminum og álfan er enn eitt dreifbýlasta svæði heims. Þéttbýliskjarnar hafa þó þekkt þar öldum saman. Fyrir utan borgirnar Kaíró og Alexandríu, sem heimildir eru um frá því í fornöld, má nefna hinar íslömsku borgir Vestur-Afríku sem sumar voru höfuðborgir heimsvelda en aðrar mikilvægar verslunarborgir. Á austurströnd Afríku hafa einnig staðið verslunarborgir í margar aldir.

GUÐRÚN HARALDSDÓTTIR

Árið 2005 áætluðu Sameinuðu þjóðirnar að um 38% íbúa Afríku byggju í þéttbýli en umtalsverður munur er þó á milli svæða. Í norður- og suðurhluta Afríku búa yfir 50% í þéttbýli, í vestur- og miðhluta álfunnar búa um 40% í þéttbýli en í austurhluta hennar búa eingöngu 22% íbúanna í þéttbýli. Stórborgir eru nýjasta þróunin í þéttbýlissögu Afríku en margar helstu stórborgir álfunnar vaxa hratt. Um 1950 voru aðeins fimm borgir í Vestur- og Norður-Afríku með yfir 200 þúsund íbúa. Fimmtíu og fimm árum síðar, árið 2005, voru 43 borgir í Afríku með yfir milljón íbúa en þá voru Kaíró í Egyptalandi og Lagos í Nígíeríu komnar í hóp 20 stærstu borga í heimi.



Ys og þys markaðarslífsins í Malaví.
Ljós.: Guffi

Saga, eðli og umfang þéttbýlismyndunar í Afríku er afar mismunandi. Margar borgir stækkuðu mjög hratt á sjöunda áratugnum eftir að flest afrísk ríki fengu sjálfstæði en víða höfðu nýlendustjórnir sett hömlur á þéttbýlismyndun. Lúsaka í Zambíu er gott dæmi um þetta en talið er að íbúum hennar hafi fjölgað um 15% árlega nánast allan sjötta áratug síðustu aldar. Í því tilfalli og mörgum öðrum á þessum tíma var um að ræða stórfellda búferlaflutninga frá sveitunum í

borgirnar sem sums staðar eru enn að eiga sér stað, t.d. í Malaví, en víðast hvar í álfunni hefur þó dregið verulega úr slíkum búferlaflutningum. Nú er áætlað að íbúum í bæjum og borgum Afríku fjölgi að meðaltali um 4,5% á ári og það mun vera ein mesta fjölgun í þéttbýli í heiminum.

Þessi hraða stækkun afrískra borga hefur valdið mörgum vandamálum og stundum er talað um hina afrísku þéttbýliskreppu. Eftirspurn eftir atvinnu, húsnæði og þjónustu er langt umfram framboð, gatnakerfi og annað borgarskipulag er víða mjög lélegt og heilsugæsla og menntun er ófullnægjandi. Víða býr stór hluti íbúa í ósamþykktu íbúðarhúsnæði og áætlað er að allt upp í 90% af nýju húsnæði í sumum afrískum borgum sé ósamþykkt.

Hinar víðamikla skipulagsbreytingar, sem hófust fyrir tilstuðlan Alþjóða-bankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í mörgum Afríkuríkjum á áttunda og níunda áratugnum, með tilheyrandi gengisfellingum, hækkuðu vöruverði, frystingu launa og niðurskurði í opinberri þjónustu, komu sérstaklega illa niður á heimilum í þéttbýli. Fátækt í borgum Afríku er mjög mikil og fer vaxandi. Sumir telja þéttbýliskreppu Afríku eðlilega afleiðingu þess hve þéttbýli stækkar hratt og hve efnahagsástandið er slæmt í flestum ríkjum álfunnar. Það eru hins vegar margir sem telja að spillingu og vanrækslu stjórnvalda sé aðallega um að kenna. Við þessar kringumstæður hefur almenningur í afrískum stórborgum þurft að finna sínar eigin leiðir til að tryggja afkomu sína og sýnt við það mikla útsjónarsemi. Í flestum borgum er stöðug fólksfjölgun og þar fjölgar fólki sem skapar sína eigin atvinnu eða starfar á einhvern hátt innan hins sívaxandi, óformlega hluta borgarhagkerfisins. Rannsóknir hafa sýnt að óformleg tengslanet eru veigamikill þáttur í afkomu fólks í stórborgum Afríku og skipta sköpum við að tryggja fólki húsnæði, aðgang að ræktunarlendi og upplýsingar um atvinnutækifæri. Þessi tengslanet veita fólki einnig gríðarlega mikilvægan, félagslegan og siðferðilegan stuðning.

Lífsbarátta og viðskipti í Gana

Vestur-Afríka er á meðal þéttbýlustu svæða Afríku og þar hafa svæðisbundin og alþjóðleg viðskipti og kaupstaðir blómstrað öldum saman. Þegar evrópskir kaupmenn og farskip fóru að leggja leið sína að vesturströnd álfunnar á 15. öld höfðu viðskiptasambönd milli hópa fólks á hitabeltisgresjum Vestur-Afríku og kaupmanna frá borgum Norður-Afríku verið fyrir hendi a.m.k. frá því á tímum Rómverja. Gull, salt, flabein og þrælur voru flutt frá Vestur-Afríku yfir Sahara-

GUÐRÚN HARALDSDÓTTIR

eyðimörkina norður að Miðjarðarhafi í gegnum Algeirsborg og Marokkó í Norður-Afríku og seld í skiptum fyrir vopn, leðurvörur, textílvörur o.fl.

Sögulegar heimildir sýna að viðskiptatengslin byggðust á trúarbrögðum og sífjum og karlar voru ráðandi í þessari verslun. Íslamskir hása- og fúlaníkaupmenn stjórnðu viðskiptum við norðurafríska kaupmenn á Sahel-svæðinu og sterk viðskiptatengsl og menningarsambönd þróuðust smám saman við Miðausturlönd. Ýmsir hópar akanfólksins stjórnðu hins vegar að miklu leyti verslun og viðskiptum sunnan Sahel-svæðisins þar sem nú eru Fílabeinsströndin og Gana. Þeir sáu hásum og fúlaníum fyrir vörum frá suðurhluta Vestur-Afríku og voru einnig í



Saumakona bíður viðskiptavina á gangstéttinni í Kampala, Úganda.
Ljós.: Gunnar Salvarsson

óbeinum viðskiptasamböndum við evrópska kaupmenn á suðurströndinni. Konur tóku lítinn þátt í Sahel-versluninni en sögulegar heimildir benda hins vegar til virkrar þátttöku þeirra í mörkuðum á mið- og suðurströnd Vestur-Afríku.

Mikil viðskipti í Vestur-Afríku höfðu hvetjandi áhrif á þéttbýlismyndun og í Gana, eins og víða annars staðar í Vestur-Afríku, byrjaði borgarmyndun snemma

miðað við önnur svæði álfunnar. Eitt þekktasta einkenni á borgum landsins eru gríðarstórir og líflegir borgarmarkaðir þar sem verslunarfólk í þúsundatali selur vörur sínar. Þessir markaðir eru ekki eingöngu miðstöðvar viðskipta innan borganna heldur gegna einnig lykilhlutverki í verslun milli svæða og við nágrennalöndin. Á mörgum þessa markaða eru konur sérstaklega áberandi og þær eru víða í miklum meirihluta verslunarfólks. Þá eru einnig vissir þjóðernishópar oft ríkjandi á hverjum markaði og t.d. mun um 65% verslunarfólks á hinum vel þekkta Kumasimarkaði vera fólk sem tilheyrir asante.

Lífsbaráttan á borgarmörkuðum Gana er hörð og aðstæður verslunarfólksins afar mismunandi. Þar selja vel stæðir heildsalar jafnt sem sárafatækir smásalar vörur sínar og erfitt er að skilgreina hinn dæmigerða verslunarhátt. Eitt á þó allt verslunarfólk á borgarmörkuðunum sameiginlegt og það er nauðsyn óformlegra tengslaneta til að komast af og njóta velgengni í viðskiptum. Breytingar á efnahagsmálum landsins síðustu áratugi hafa haft neikvæð, félagsleg áhrif á líf markaðssölufólks, einkum fyrir fatækustu smásalana, og hafa aukið mikilvægi óformlegra tengslaneta. Eins og víða í borgarmörkuðum í Afríku eru persónuleg tengsl við stöðugan hóp viðskiptavina afar mikilvæg fyrir markaðssölufólk í Gana og gera þeim m.a. kleift að samhæfa vörubirgðir sínar við eftirspurn að einhverju leyti og draga þannig úr áhættu viðskiptanna. Þetta er ekki síst brýnt fyrir sölufólk sem verslar með matvörur sem þola ekki langa geymslu því að fæst sölufólk á markaðstorgum hefur aðgang að kælum eða öðru geymslurými.

Hin óformlegu tengslanet á borgarmörkuðum Gana byggjast oft á félagslegum þáttum eins og ætt og kyni en fólk, sem verslar með sömu vöruna, myndar einnig óformleg samtök. Sveigjanleiki er eitt megineinkenni allra þessara tengslaneta. Sveigjanleikinn gerir markaðssölufólkinu kleift að færa sig á milli markaða, breyta um söluvöru og mynda ný tengsl á tiltölulega auðveldan hátt en það getur skipt sköpun fyrir hagsæld þeirra og lífskjör.

Hirðingjar

Hirðingjasamfélög í Afríku eru margbreytileg en þau eiga það sameiginlegt að byggja afkomu sína að mestu leyti á búfjárhaldi og stunda reglulega árstíðabundna búferlaflutninga. Langalgengasti búfénaður hirðingja í Afríku eru nautgripir. Oft rækta þeir geitur og sauðfé samhliða nautgripum eða kameldýrum en sjaldgæft er að fólk byggi afkomu sína á geita- eða sauðfjárrækt eingöngu. Á úrkomulitlum svæðum í Norður-Afríku eru kameldýrin algengasta búfé hirð-

ingja og þau hafa öldum saman gegnt mikilvægu hlutverki í viðskipta- og menningartengslum milli Norður-Afríku og Afríku sunnan Sahara. Meðal vel þekktra hirðingja í Afríku eru vúdabear í Níger, núar í Súdan, masaíar í Keníu og Tansaníu og hereróar í Namibíu og Botsvana.

Hirðingjar búa oft á þurrum og ófrjósömum svæðum og flytjast búferlum til að nýta sem best auðlindir þeirra. Búferlaflutningarnir eru árstíðarbundnir milli svæða sem nýtt eru á þurrkatímanum annars vegar og svæða sem nýtt eru á regntímanum hins vegar. Styttri og tíðari búferlaflutningar eiga sér svo stað innan hvers svæðis allt árið um kring. Þeir hópar hirðingja, sem búa á frjósamari svæðum með stöðugri úrkomu, hafa fastari búsetu og flytjast búferlum aðeins einu sinni eða tvisvar á ári, stunda oft einhverja ræktun með búfjárhaldinu. Viðskipti með búfé er mikilvægur þáttur í samfélagi hirðingja og viðskiptatengsl við nágrennasamfélög bænda hafa einnig skipt miklu fyrir afkomu og samfélag þeirra. Þótt hirðingjar séu ekki með fasta búsetu skilgreina þeir engu að síður það landsvæði, sem reglulegir búferlaflutningar þeirra ná yfir, sem sitt landsvæði. Tengsl þeirra við landið eru sterk og þeir kenna sig gjarnan við það.

Í flestum hirðingjasamfélögum sjá konur að mestu um framleiðslu mjólkurafurða, ræktunarstörf og heimilishald en karlar sjá um hjarðmennsku og gripaviðskipti, auk farandverkamennsku sem hefur aukist verulega síðustu áratugina. Oft hefur hirðingjasamfélögum í Afríku verið lýst sem samfélögum þar sem samfélagsskipan byggist á tengslum og valdi karla, sterkum tengslum þeirra við nautgripina og ættrakningu í karlegg.

Lífsafkoma margra hirðingjasamfélaga, einkum þeirra sem eingöngu byggjast á hjarðmennsku, er háð því að unnt sé að flytjast búferlum án hindrana milli beitilanda og vatnsbóla og milli árstíðabundinna búsetusvæða. Aukin samkeppni um land og breyttar hugmyndir um eignarhald virðast hafa leitt til þess að árekstrum milli hirðingja og bænda hefur fjölgað á síðustu áratugum. Oft verða þessir árekstrar vegna þess að bændur eða ríkisstjórnir hafa lokað þeim leiðum sem hirðingjar eru vanir að fara með hjarðir sínar. Þá hafa hirðingjar í seinni tíð einnig verið ásakaðir um að ofbeita lönd sín. Í mörgum tilfellum hefur nánari athugun hins vegar sýnt fram á að ágangur á land þeirra, sem tekið er undir jarðrækt eða þjóðgarða, beiting reglugerða, sem beinast gegn lífsháttum þeirra, og aukin fátækt meðal hirðingja í Afríku eru meginástæður fyrir slíkri ofbeit.

Borgarastríð og núahirðingjar í Suður-Súdan

Núar í Suður-Súdan eru hirðingjar sem fram undir miðja síðustu öld fluttust annars vegar hálfárslega með nautgripi sína búferlum milli regntímasvæða, þar sem þeir ræktuðu dúrru samhliða nautgriparækt, og hins vegar milli þurkátímasvæða nálægt Hvítu-Níl þar sem þeir stunduðu m.a. fiskveiðar með nautgriparæktinni. Þetta búferlamynstur hefur tekið miklum breytingum undanfarna áratugi en hjarðmennska er þó enn eitt megineinkenni á samfélagi núá. Áður fyrr byggðist pólitísk skipan núasamfélaganna á flóknum sifja- og búsetutengslum en þar fyrirfannst hvorki miðstýring né höfðingjar.

Eftir að Súdan varð nýlendusvæði Breta snemma á 20. öldinni festist lagskipt stjórnarskipan smám saman í sessi. Frá því að Súdan varð sjálfstætt ríki árið 1955 hafa héraðsstjórnir verið kosnar og höfðingjar séð um pólitíska stjórnun núasamfélagsins á grunni formlegs lagakerfis sem byggist að miklu leyti á hefðum núanna en hefur einnig mótast af almennu stjórnarfari í Súdan.

Formlegt sifjakerfi núá byggist á ættrakningu í karlegg eins og í mörgum öðrum hirðingjasamfélögum og áður fyrr töldu fræðimenn þau mikilvægustu félags- og valdatengslin. Nýlega hafa mannfræðingar hins vegar haldið því fram að tengsl í föðurfjölskyldum núá einkennist oft af samkeppni um nautgripi og völd innan ættarinnar sem leiði ósjaldan til klofnings og sambandsplita en hins vegar séu ættartengsl í kvenlegg bæði nánari og varanlegri. Þá eru konur ekki lengur taldar eins valdalaugar og fyrri tíma fræðimenn héldu gjarnan fram. Með nánnum tengslum við börn sín hafa núakonur óbein en afgerandi áhrif á valdajafnvægi og tengsl innan samfélagsins. Samkynhneigð kvenna er ekki litin hornauga en barnlausar konur geta komið sér upp nautgripahjörðum, gifst öðrum konum og orðið annað foreldri barna þeirra. Í samfélagi, þar sem félagsleg staða flestra kvenna byggist á barnafjölda og móðurhlutverki, er barnlausum konum þannig gert kleift að tryggja efnahagslega stöðu sína og auka félagslega virðingu sína.

Einn helsti áhrifaþáttur á samfélag núanna undanfarna áratugi eru átökin í Darfur, þ.e. endurtekin stríðsátök milli Norður- og Suður-Súdans sem hafa hrjád Súdan allt frá því landið fékk sjálfstæði árið 1955. Ástæður þessa stríðs eru m.a. átök um verðmætar olíulindir, vatnsforða og frjósöm landflæmi Suður-Súdans sem súdönsk stjórnvöld hafa reynt að ná yfirráðum yfir en íbúar Suður-Súdans, með súdanska frelsisherinn í broddi fylkingar, hafa hins vegar viljað ráða þeim auðlindum sjálfir. Núar og aðrir íbúar Suður-Súdans hafa farið afar illa út úr þessum síendurteknu stríðsátökum og á stríðstímum hefur stór hluti þeirra orðið að

flýja stríðssvæðin í suðri og sest að í flóttamannabúðum í nágrannalöndunum eða í borgum í Norður-Súdan, einkum í útjaðri höfuðborgarinnar Kartúm. Margir hafa snúið aftur heim til sín á friðartímum en flosnað upp enn á ný þegar borgarastríð hefur brotist út. Núar, sem hafa þurft að yfirgefa heimaland sitt aftur og aftur, hafa misst nautgripahjarðir sínar og á stríðstímum hafa nautgripahjarðir þeirra sem hafa orðið um kyrrt í Suður-Súdan, minnkað eða dáíð út vegna hungurs og búfjársjúkdóma. Á sama tíma hefur formlegt atvinnu- og markaðskerfi orðið æ mikilvægari þáttur í hagkerfi þeirra. Núar, einkum karlar, hafa í auknum mæli tekið þátt í formlegu atvinnulífi Súdans sem farandverkafólk eða með aukinni þátttöku í viðskiptum.

Þrátt fyrir miklar breytingar og umrót í samfélagi núanna í Suður-Súdan hafa nautgripir að miklu leyti haldið gildi sínu. Núar skilgreina sig enn sem hirðingja og þó mynstur búferlaflutninga og afkomuskilyrði þeirra hafi breyst mikið síðustu áratuginu snýst daglegt líf enn um að hlúa að nautgripahjörðum. Tengsl núna við nautgripina byggjast ekki eingöngu á afkomu heldur er sjálfsmynd þeirra nátengd hjörðunum og nautgripir gegna lykilhlutverki í heimsmýnd þeirra og trúarlífi.

Söfnun og veiðimennska

Næstum því alla hundrað þúsund ára sögu sína hefur mannkynið lifað á söfnun villtra plantna og veiðimennsku. Þeir lífshættir hafa verið á hröðu undanhaldi síðustu tíu þúsund árin og eru nú aðallifibrauð aðeins örfárra jaðarhópa fólks í heiminum. Nokkra slíka hópa er enn að finna í Afríku sunnan Sahara, m.a. sana í jaðri Kalahari-eyðimerkurinnar, mbutimenn, sem búa í skógum Alþýðulýðveldisins Kongó og hadsa í Tansaníu. Samfélagsskipan þessa fólks hefur þó tekið miklum breytingum síðustu öldina og í engu þessara samfélaga lifir fólk lengur eingöngu á söfnun og veiði.

Félagslegur jöfnuður einkenndi samfélög safnara og veiðifólks í Afríku eins og þau þekktust um og upp úr miðri síðustu öld. Samfélagsskipan þeirra byggðist jafnan á litlum hópum sifjatengdra einstaklinga þar sem hvorki var miðstýringarvald fyrir hendi né formlegir, pólitískir leiðtogar. Kyn og aldur hafði þó áhrif á störf og stöðu fólks en bæði konur og karlar gátu áunnið sér áhrifavald og virðingu innan hópsins. Eitt megineinkenni á mörgum samfélögum safnara og veiðifólks í Afríku var óvenju jöfn staða kvenna og karla. Rannsóknir mannfræðinga meðal sana í Dobe-héraðinu í Botsvana á áttunda og níunda áratug síðustu aldar

II. LIFNAÐARHÆTTIR OG LÍFSAFKOMA

sýndu t.d. að í þeim samfélögum höfðu konur yfirráðarétt yfir vatnsbólum og landi eins og karlar, þær gegndu mikilvægum hlutverkum í trúarathöfnum og lækningum og tóku almennt svipaðan þátt og karlar í ákvörðunum innan hóp-
ins. Um algjört kynjajafnrétti var þó ekki að ræða því að þrátt fyrir svipaða þátt-
töku í samfélaginu var framlag karla í hærri metum og þeir urðu oftar en konur
óformlegir leiðtogar hópans.

Lífsafkoma safnara og veiðifólks í Afríku byggðist á búferlaflutningum innan
viss svæðis sem hópurinn hafði sögulegan yfirráðarétt yfir en ekki formlegt
eignarhald á. Náttúrulegt fæðu- og vatnsframboð réði búferlaflutningunum en
vegna þeirra var eignarhald meðal safnara og veiðifólks mjög lítið og takmarkaðist
við það sem hægt var að bera milli búða. Húsdýrahald og ræktun lands var óþekkt í
flestum þessara samfélaga en meginuppistaðan í fæðunni voru villtar plöntur og ávext-
ir sem konurnar söfnuðu að mestu leyti þó að karlar tækju líka víða þátt í söfnun-
inni.

Veiði villtra dýra, sem var yfirleitt mun sjaldgæfari og óreglulegri hluti fæðunnar, var að mestu í höndum karla en í sumum samfélögum veiddu konur þó líka. Mikil samskipti og samvinna ríkti milli nágrennahópa safnara og veiðifólks sem tóku m.a. á sig mynd staðbundinna gjafaskiptakerfa. Þá voru viðskiptatengsl við landbúnaðarsamfélög einnig mikilvæg en þeim seldu samfélög safnara og veiðifólks kjöt í skiptum fyrir kornmeti og aðrar landbúnaðar-
vörur.



Herramaður sem tilheyrir eldri kynslóð namibískra sana.
Ljósma.: Gunnar Salvarsson

Sanar í suðurhluta Afríku

Áætlað er að um það bil 90 þúsund sanar búi nú í suðurhluta Afríku. Stærstur hluti þeirra býr í Botsvana og Namibíu en smærri hópar búa einnig í Suður-Afríku, Angóla og Zimbabve. Fram undir miðja síðustu öld voru margir hópar sana á þessum svæðum sem lifðu svo til eingöngu á söfnun og veiði og var samfélagskipan þeirra í stórum dráttum svipuð því sem lýst er hér að framan. Síðan um miðja öldina hafa hins vegar mjög hraðar breytingar átt sér stað í þeim þjóðríkjum, þar sem sanar búa, sem hafa haft mjög afgerandi áhrif á samfélög og afkomu þeirra og í mörgum tilvikum afar neikvæð. Breyttar hug-



Sólríkur dagur í þorpi sana í Namibíu.
Ljós.: Gunnar Salvarsson

myndir um eignarhald á landi hafa sennilega haft í för með sér afdrifaríkustu afleiðingarnar. Víða hafa landsvæði, sem sanar byggðu afkomu sína á, verið tekin eignarnámi af öðrum hópum fólks eða af ríkisstjórnnum þeirra þjóðríkja sem þau heyra undir. Sú þróun byrjaði sums staðar snemma á 20. öldinni með landnámi evrópskra bænda sem nýlendustjórnir úthlutuðu landi sana til en einnig var hluta lands þeirra úthlutað til bænda af afrískum uppruna. Í seinni tíð hafa

stór landsvæði, sem áður voru heimalönd sana, verið tekin undir þjóðgarða til að vernda villta náttúru Afríku og efla ferðamannaíðnaðinn.

Margir sanar, t.d. í Namibíu og í Botsvana, eru nú algerlega landlausir og mynda stétt landbúnaðarverkafólks og þjónustufólks á búcörðum sem byggðir voru á fyrrum heimalandi þeirra. Mikil þörf er fyrir vinnuafli á þessum búcörðum en engu að síður eru aðstæður verkafólks víða afar bágbornar. Fordómar í garð sana eru miklir. Þeim er oft borgað minna en öðrum og sums staðar er fæði eina greiðslan sem þeir fá og það þekkist jafnvel að þeim sé einungis borgað með áfengi. Við þessar aðstæður er ofdrykkja og örbirgð víða hlutskipti þessara frumbyggja Afríku.

Á vissum stöðum hefur hópum sana, sem misst hafa land sitt, farnast betur og gegna þeir nú mikilvægu hlutverki í ferðamannaíðnaði þar sem hefðbundið líf safnara og veiðifólks er sett á svið fyrir ferðafólk. Hlutskipti þessara hópa er jafnan betra en landbúnaðarverkafólksins en þeir hafa þó takmarkað sjálfstæði og hafa lítið að segja um það hvernig hefðbundið líf safnara og veiðifólks er skilgreint.

Þó nýleg saga sana sé sorgleg og aðstæður þeirra víðast bágbornar þýðir það þó ekki að þetta fólk hafi látið breytingarnar yfir sig ganga baráttulaust. Réttindabarátta þess á vissum svæðum í suðurhluta Afríku, einkum í Namibíu og Suður-Afríku, hefur á síðustu áratugum leitt til þess að landsvæði hafa verið endurheimt og endurreisn samfélaga þeirra hafin. Þótt þau muni varla þróast í það samfélagsform sem þekktist á meðal safnara og veiðifólks um miðja síðustu öld, þá hefur þetta fært sönum sjálfsvald og þar stunda þeir búskap og viðskipti samhliða söfnun og veiðimennsku.

Réttindabarátta sana hefur ekki gengið eins vel í Botsvana þar sem meira en helmingur þeirra býr. Þar í landi eru þeir hvorki viðurkenndir sem frumbyggjar landsins né sem sérstakur hagsmunahópur. Heimaland sana í Botsvana er ríkt af demantanámum og telja margir að það, ásamt aukinni þörf fyrir beitiland, sé helsta ástæða þess að ríkisstjórn þessa annars þróaðasta lýðræðisríkis í suðurhluta Afríku, hefur kerfisbundið flutt sana nauðungarflutningum af landsvæði þeirra á undanförunum árum.

Samspil framleiðsluhátta og samfélagsgerðar

Lífshættir og samfélagsgerðir Afríku einkennast af gríðarlegum fjölbreytileika sem er í stöðugri mótun og tengist margþættri fortíð og sögu álfunnar. Þótt vissulega sé hvorki bein né einföld tenging milli framleiðsluhátta og samfélags-

gerðar í Afríku, frekar en annars staðar í heiminum, er engu að síður náði samspil þeirra á milli. Þannig hafa t.d. nýjar hugmyndir um eignarhald á landi óhjákvæmilega áhrif á hlutverk sifjatengsla í Malaví og víðtækar samfélagsbreytingar í Súdan síðustu áratugina hafa margs konar áhrif á hjarðbúskap nú.

Öll samfélög hafa tiltekna framleiðsluhætti. Í sumum byggir fólk afkomu sína mest á landbúnaðarframleiðslu, á meðan lífskjör í öðrum byggjast að mestu á hjarðmennsku og í enn öðrum að stórum hluta á veiði villtra dýra og söfnun róta og jurta. Í engu samfélagi er þó aðeins einn framleiðsluháttur ríkjandi. Í mörgum landbúnaðarsamfélögum er söfnun villtra plantna og veiði einnig nauðsynleg og víða í borgum Afríku er sjálfsþurftarþúskapur stundaður af markaðssölufólki, og farandverkamenska hefur orðið æ mikilvægari þáttur í lífi margra hirðingja í álfunni síðustu áratugina. Síðbreytileiki, litrík menning og framleiðsla eru ein-kenni Afríku sem íbúar þess nýta sér til að tryggja sér og sínum sem besta afkomu og lífsgæði, oft andspænis mikilli fátækt og harðri lífsbaráttu.

Heimildir

- Becker, Charles M., Andrew M. Hamer og Andres R. Morrison (1994). *Beyond Urban Bias in Africa*. London: James Currey.
- Berry, Sara (1993). *No Condition is Permanent: Social Dynamics of Agrarian Change in SubSaharan Africa*. Madison: University of Wisconsin Press.
- Clark, Gracia (1994). *Onions are My Husband. Survival and Accumulation by West African Market Women*. Chicago: University of Chicago Press.
- Evans-Pritchard, E. E. (1969 [1940]). *The Nuer: A Description of the Modes of Livelihood and Political Institutions of a Nilotic People*. Oxford: Oxford University Press.
- Ferguson, James (1999). *Expectations of Modernity. Myths and Meanings of Urban Life on the Zambian Copperbelt*. Berkeley og Los Angeles: University of California Press.
- Gordon, Robert (1992). *Bushman Myth: The Making of a Namibian Underclass*. Boulder: Westview Press.
- Hansen, Karen Tranberg og Mariken Vaa (ritstj.) (2004). *Reconsidering Informality: Perspectives from Urban Africa*. Uppsala: Nordiska Afrikainstitutet.
- Hansen, Karen Tranberg (1997). *Keeping House in Lusaka*. New York: Columbia University Press.
- (2000). *Salaula: The World of Secondhand Clothing and Zambia*. Chicago: University of Chicago Press.
- Hodgson, Dorothy (ritstj.) (2000). *Rethinking Pastoralism in Africa: Gender, Culture & the Myth of the Patriarchal Pastoralist*. Oxford: James Currey.

II. LIFNAÐARHÆTTIR OG LÍFSAFKOMA

- Hutchinson, Sharon E. (1996). *Nuer Dilemmas: Coping with Money, War, and the State*. Berkeley: University of California Press.
- Kristín Loftsdóttir (2000). *The Bush is Sweet: Identity and Desire among the WodaaBe in Niger*. (Ph.D. dissertation). Arizona: Department of Anthropology, the University of Arizona.
- Lee, Richard B., Robert Hitchcock og Megan Biesele (gestaristj.) (2002). The Kalahari San: self determination in the desert. Special issue *Cultural Survival Quarterly* 26(1).
- Lee, Richard (1979). *The !Kung San: Men, Women and Work in a Foraging Society*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Moore, Henrietta L. og Megan Vaughan (1994). *Cutting Down Trees: Gender, Nutrition, and Agricultural Change in the Northern Province of Zambia, 1890-1990*. London: Heinemann.
- Saugestad, Sidsel (2001). *The Inconvenient Indigenous: Remote Area Development in Botswana, Donor Assistance, and the First People of the Kalahari*. Uppsala: The Nordic Africa Institute.
- Shipton, Parker (1994). Land and culture in tropical Africa: soils, symbols and the metaphysics of the Mundane. *Annual Review of Anthropology* 23, 347-377.
- Shostak, Margorie (1981). *Nisa: The Life and Words of a !Kung Woman*. Cambridge, MA: Harvard University Press.
- Sylvain, Renée (2002). "Land, water, and wruth": San identity and global indigenism. *American Anthropologist* 104 (4), 1074-1085.
- Tostensen, Arne, Inge Tvedten og Mariken Vaa (2001). *Associational Life in African Cities: Popular Responses to the Urban Crisis*. Uppsala: Nordiska Afrikainstitutet.
- Turnbull, Collin M. (1961). *The Forest People*. New York: Simon and Schuster.